



Flekkudalsá á Fellsströnd.  
Um neysluvatnsöflun

**Þórólfur H. Hafstað**

**Greinargerð ÞHH-98-10**

31. júlí 1998

## Flekkudalsá á Fellsströnd Um neysluvatnsöflun

Að tilhlutan Loga Kristjánssonar skoðaði ég lítillega aðstæður til ferskvatnsöflunar í grennd við veiðihús Laxmanna Flekku við Kjallaksstaða á Fellsströnd.

Á þessum slóðum er þess helst að vænta að vinna megi vatn úr lausun jarðlögun, eins og til dæmis skriðum ellegar áreyrum. Engar eru hér skriðurnar og snautlega lítið er af ármöl við Kjallaksstaða og Flekkudalsá; a.m.k. nærri veiðihúsinu. Hugsanlega mætti gera brunn í afar ómerkilega malarfyllu nærri veiðistaðnum F-2 við Flekku, sem er raunar alllangt frá húsinu. Líklegt er þó að mölin sé þarna allt of þunn og sömu sögu er að segja um eyr- arbleðil, sem er við Kjallaksstaða rétt neðan við veiðihúsið.

Úr berggrunninum er lítil von til að vinna megi vatn. Á einstaka stað sést blæða örlítið úr smásprungum í þéttu berginu, eins og til dæmis við berggang rétt hjá veiðistaðnum K-8. Þetta er sáralítið vatnsmagn og er þörf á allmikilli heppni ef hægt á að vera að vinna nægt vatn úr borholu, ef gerð yrði við veiðihúsið.

Einfaldast virðist mér að reyna að grafa, eða hugsanlega sprengja dálítinn brunn í bakka Kjallaksstaðar beint niður af veiðihúsinu. Hann þyrfti að ná um einn metra niður fyrir lægsta vatnsborð í ánni. Fylla þarf að honum með mól ellegar öðru sémilega vatnsleiðandi púkki, þannig að vatn berist sémilega greiðlega inn í brunninn, en fengi þó lágmarkssiktun. Vera má að vænlegt sé að verja púkkið með jarðvegsdúk, svo minni hætta sé á að það grafist burt í leysingum.

Brunnhólkurinn má gjarnan vera steinsteypt rör og er æskilegt að það sé svolítið inni í ár- bakkanum, svo það verði ekki umflotið í flóðum. Vatninu þarf að dæla til húss; helst með dælu, sem staðsett er ofan í brunninum (grunnadælu), undir vatnsborði og helst neðan við frosthættu. Best er að við hana sé tengdur þrýstistýrður rofi. Ef enginn einstefnuloki er hafður á lögninni frá dælunni, má tæma vatnsleiðsluna niður í brunninn á vetrum, án þess að taka þurfi upp dæluna, svo framarlega sem hún er sémilega djúpt ofan í vatninu og brunnurinn tryggilega lokaður með einöngruðu loki.

Með von um að vatnsöflun gangi vel í framtíðinni;

Þórólfur H. Hafstað